



LÖGREGLAN

1.0 Almenn um geymslu skotvopna og skotfæra

Samkvæmt 23 gr. vopnalaga nr. 16/1998, sbr. einnig 33. gr. reglugerðar nr. 787/1998, skulu eigendur eða umráðahafar skotvopna og skotfæra ábyrgjast vörslur þeirra og sjá svo um að óviðkomandi nái ekki til þeirra. Í því skyni skal húsnæði sem geymir skotvopn og skotfæri ávallt vera læst ef íbúar eru fjarverandi. Þegar skotvopn eru ekki í notkun skulu þau geymd í skotvopnaskápum, viðurkenndum af lögreglu, sbr kröfur hér að neðan. Við lengri fjarveru skal auk þess gera skotvopn óvirkt, t.d. með því að fjarlægja af því nauðsynlega hluta aðra en lánshús. Skotfæri skulu geymd í læstum hirslum, aðskilin frá skotvopnum (mega vera í læstu hólfi í skotvopnaskáp).

2.0 Skotvopnaskápar

Skotvopnaskápur skal þannig útbúinn:

- Hann skal gerður úr stáli og þykkt hliða, gafls og hurðar skal að lágmarki vera 2 mm.
- Hurð og dyrakarmur skulu útbúin þannig að ekki sé unnt að opna skápinn með auðveldum hætti þó svo að lamir hafi verið fjarlægðar.
- Hann skal búinn minnst einum lykla- og/eða talnalás sem skal vera innfelldur í hurð. Hengilásar eru ekki leyfðir.
- Hann skal vera boltaður og/eða steiptur í vegg eða gólf ef eigin þyngd er minni en 150 kg.
- Hann skal vera með a. m. k. þriggja punkta læsingu (pinnar/boltar), þar af skal einn ganga í hurðarkarm lánsmegin.

Heimilt er að tveir eða fleiri aðilar með skotvopnaleyfi samnýti skotvopnaskáp enda hafi þeir einir aðgang að honum. Samkvæmt 34. og 35. gr. reglugerðar nr. 787/1998 ber eigandi skotvopns ábyrgð á vörslu skotvopns og hefur einn heimild til að nota það nema til komi skrifleg lánshemild. Slíkt þarf að tilkynna lögreglu og er skráð í skotvopnaleyfi ef lánstími er lengri en 4 vikur og færast vörsluábyrgð þá yfir á lántakanda.

Lögreglustjóri getur heimilað geymslu skotvopna í sérútbúnum herbergjum/geymslum ef fyrir gluggum eru rimlar og fyrir herberginu/geymslunni er sérstök öryggishurð. Lögreglustjóri getur samþykkt vopnaskápa sem fluttir hafa verið inn eða framleiddir hafa verið fyrir gildistöku þessara reglna þótt þeir uppfylli ekki í öllu ofangreind ákvæði.

3.0 Vörslur skotfæra

Skotfæri skal geyma með eftirfarandi hætti:

- Í læstu hólfi inni í sérútbúnum samþykktum vopnaskáp eða
- í læstum skáp eða annarskonar læstum hirslum sem festar eru í vegg eða gólf.